


Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Svava Bernharðsdóttir
miðaldafiðla, viola da gamba, barokk fiðla

Peter Zimpel
seball

Ruth Claire Pottinger
viola da gamba, barokk selló



30. júlí 1991 kl. 20:30

Svava Bernharðsdóttir útskrifaðist úr Tónlistarskólanum í Reykjavík 1982 á fiðlu og lágfiðlu. Næsta vetur var hún við lágfiðlunám í Hollandi undir leiðsögn Nobuko Imai. Árið 1983 innritaðist Svava í Juilliard skólann í New York, lærði hjá William Lincer og Karen Tuttle og lauk þaðan "DMA" (Doctor of Musical Arts) gráðu 1989. Haustið 1988 hóf Svava nám við Schola Cantorum Basiliensis í Basel. Þar hefur hún lært á barokk- og klassíska fiðlu hjá Jaap Schröder, víóla da gamba og barokk selló hjá Hannenlore Mueller og Imke David og tekið þátt í samspili á miðaldafiðlu undir leiðsögn Randall Cook. Þann 20. júní síðastliðinn hélt Svava lokatónleika við þá stofnun. Haustið 1990 veitti Kópavogsbær Svövu 6 mánaða "Starfslaun bæjarlistamanns Kópavogs" og á sá styrkur stóran þátt í að af þessum tónleikum gat orðið.

Peter Zimpel semballeikari er fæddur í Frankfurt am Main. Sjö ára gamall hóf hann nám í Augsburg og lærði síðan á orgel í átta ár hjá Karl Maureen í Leopold Mozart tónlistarskólanum þar. Haustið 1986 hóf Peter nám í orgel- og semballeik við Schola Cantorum Basiliensis hjá Jean Claude Zehnder og útskrifaðist þaðan með einleikarapróf haustið 1990. Nú stundar hann söngnám við sömu stofnun hjá Kurt Widmer.

Ruth Claire Pottinger er frá Toronto í Kanada. Hún útskrifaðist á selló frá háskólanum í Toronto árið 1986 og sótti síðan fjölmörg námskeið í gamalli tónlist. Hún er einnig útlærður tónlistarkennari, hefur kennt víða á fiðlu, lágfiðlu og selló og stjórnað hljómsveitum. Árið 1990 hóf Ruth nám við Schola Cantorum Basiliensis. Kennarar hennar þar eru Paulo Pandolfo og Jordi Savall á viola da gamba og Christoph Coin á barokk selló.

MÍDALDIR

Codex Rossi (14. öld)	Dal bel castel (Madrigale)
Lorenzo da Firenze (d. 1372)	Non vedi tu, Amor
Rossi	Di riv 'a riva (Madrigale)

RENAISSANCE

John Bull (1582 - 1628)	Fantasia Chromatica í a - moll
Tobias Hume (d. 1645)	Touch me lightly Harke, Harke
Dario Castello (snemma á 17. öld)	Sonata seconda

BAROKK

Arcangelo Corelli (1653 - 1713)	Sónata op. 5 nr. 1 Grave - Allegro - Allegro Adagio - Allegro
Jean-Marie Leclair (1697 - 1764)	Sónata nr. 6 í e - moll Premier Livre Adagio - Vivace - Aria - Allegro
J. S. Bach (1685 - 1750)	Sónata nr. 6 í G - dúr BWV 1019, für Violine und obligates Cembalo Allegro - Largo - Allegro - Adagio - Allegro